


HÓPBÍLAR, HAGVAGNAR OG HAGVAGNAR ÞJÓNUSTA HLJÓTA JAFNLAUNAVOTTUN

Það er mjög ánægjulegt að tilkynna að Hópbílar, Hagvagnar og Hagvagnar þjónusta hafa hlotið formlega jafnlaunavottun samkvæmt kröfum jafnlaunastaðalsins ÍST85.

Þessi vottun er mikilvægur áfangi fyrir félögin til að tryggja að greidd séu sömu laun fyrir jafn verðmæt störf, óháð kyni eða öðrum ómálefnalegum þáttum. Vottunin staðfestir jafnframt að við fylgjum viðurkenndum verklagsreglum um launaákvæðanir og vinnum markvisst að því að viðhalda jafnrétti innan fyrirtækisins.

Við erum mjög stolt af þessum árangri og er þetta ekki aðeins viðurkenning á þeirri vinnu sem þegar hefur verið unnin og stöðu félaganna í jafnréttismálum heldur einnig hvatning til áframhaldandi umbóta. Það er markmið okkar að skapa réttlátt og sanngjarnt vinnuumhverfi þar sem allir starfsmenn hafa jöfn tækifæri til að njóta sín og þróast í starfi og að félögin verði áfram framúrskarandi vinnustaðir.

Ef einhverjar spurningar vakna um jafnlaunavottunina eða jafnréttismál almennt innan fyrirtækjanna, hvetjum við ykkur til að hafa samband við skrifstofu.



JAFNLAUNAVOTTUN
2024 - 2027



Í fréttabréfinu

Jafnlaunavottun	1
Aksturshegðun og sam- burðar tölfræði	2
Starfsemi á Melabraut og Eyratröð	3
Haustfundir bílstjóra	4
Haustkeila bílstjóra	4

AKSTURSHÉÐUN OG SAMANBURÐAR TÖLFRÆÐI ÁGÚ–SEPT 2024

Hér gefur að líta heildaryfirlit um aksturshegðun og samanburðar tölfræði bílstjóra Hópþíla og Hagvagna. Hópnum er skipt upp í fjóra flokka. Flokkur **100** er hópferðadeild, flokkur **200** er strætisvagnadeild, flokkur **400** eru landsbyggðarvagnar og flokkur **500** eru bílar í akstursþjónustu fatlaðra og eldra fólks. Vert er að taka fram að flokkur 200 er skemmra á veg kominn í kerfinu.



FRÍSTUNDAAKSTUR OG AÐGÁT VIÐ STOPPISTÖÐVAR

Líkt og í árdaga verkefnisins sjá Hópbílar um frístundaakstur fyrir Hafnarfjarðarbæ. Verkefnið gengur út á að nemendum úr grunnskólum er ekið frá skóla í frístundaúrræði sem þau velja að stunda. Það getur verið allt frá menningu og listum yfir í íþróttaiðkun hjá íþróttafélögum bæjarins.

Að ýmsu þarf að huga þegar kemur að akstri eins og þessum. Hópbílar eiga í farsælu samstarfi við sveitarfélagið varðandi skipulagningu. Skoða þarf tímasetningar, fjölda nemenda í hverjum bíl, bílastærð en ekki síst hvar best er fyrir frístundabílinn að stöðva á hverjum stað, taka nemendur uppí eða hleypa þeim úr bílnum.



Til undirbúnings hafa Hópbílar ekið allar leiðir frístundabílsins til þess að skoða aðstæður við allar biðstöðvar, en mikilvægt er að aðgengi sé með besta móti.

Auk þess fóru rekstrarstjóri og verkefnastjóri Hópbíla hring um bæinn og skoðuð allar aðstæður með fagstjóra frístundasviðs sveitarfélagsins. Í kjölfarið þurfti að endurskoða staðsetningu nokkurra biðstöðva auk þess sem færa þarf til eða setja upp skilti sem gefur til kynna að þar sé biðstöð ætluð frístundaakstri.

Verkefnið um frístundabílinn hófst í byrjun árs 2010 sem samstarfsverkefni Hópbíla, Rio Tinto, Fjarðarkaupa, N1 og Hafnarfjarðarbæjar.

Tilgangurinn er að draga úr því að foreldrar þurfi að standa í tímafrenu „skutli“ til að koma börnum sínum til og frá íþrótt- og tómstundastarfi, með því að bjóða upp á raunhæfan og öruggan valkost.

Hópbílar eru sannarlega stoltir þátttakendur í þessu mikilvæga samfélagsverkefni.

Það er öllum ljóst að verkefnið feli í sér margvíslegan ávinning, meðal annars efnahagslegan og umhverfislegan, auk þess að stuðla að auknum lífsgæðum.



HAUSTFUNDIR BÍLSTJÓRA 2024

Framundan eru haustfundir bílstjóra hjá Hópbílum og Hagvögnum. Dagskrá þeirra má sjá hér fyrir neðan.


Á fundunum verður farið yfir ýmiss mál sem tengjast starfinu en eins og sjá má eru fundir skipulagðir í þremur landsfjórðungum.



HVENÆR	KLUKKAN	HVERJIR	HVAR
15.10.2024	16:30-19:00	Hagvagnar	Verkalýðsfélagið Hlíf
16.10.2024	16:30-19:00	Hagvagnar	Verkalýðsfélagið Hlíf
22.10.2024	10:00-12:00	Landsbyggð Selfoss	Selfossi
23.10.2024	18:00-19:30	Akstursþjónusta	Verkalýðsfélagið Hlíf
24.10.2024	16:00-18:00	Landsbyggð Borgarnes	Borgarnesi
24.10.2024	11:00-13:00	Landsbyggð Suðurnes	Eyrartröð 2, 2. hæð
29.10.2024	18:00-19:30	Hópperðadeild	Eyrartröð 2, 2. hæð

HAUSTKEILA BÍLSTJÓRA

Til þess að efla Hópbíla- og Hagvagna andann enn frekar verður blásið til haustkeiluferðar fyrir bílstjóra og vaktstjór. Haldið verður í Egilshöll þar sem leikin verður keila ásamt því að fólk nærir sig á flatböfum að leik loknum.



Bílstjórar landsbyggðarvagna eru aðeins lengra í burtu og því verður boðið upp á annars konar staðbundinn glaðning fyrir þann hóp.

Hópbílar hf.
Melabraut 18
220 Hafnarfirði

Umsjón, skrif og ábyrgð:
Leifur S. Garðarsson
Verkefnastjóri



HÓPBÍLAR



9.10.2024	17:00-19:00	Hagvagnar	Egilshöll
10.10.2024	17:00-19:00	Hagvagnar	Egilshöll
30.10.2024	18:30-20:00	Akstursþjónusta	Egilshöll
5.11.2024	18:30-20:00	Hópperðadeild	Egilshöll
5.11.2024	18:30-20:00	Vaktstjór	Egilshöll